

Risaeðla á róló





Þessi bók er í 2. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.

Til kennara og foreldra

Áður en textinn er lesinn

Kveikið áhuga barnsins á efninu með því að fletta bókinni, skoða myndir og ræða um það sem gæti verið að gerast. Á titilsíðu eru orð ásamt myndum sem gott er að barnið æfi sig í að lesa áður en byrjað er á sögunni.

Á meðan lesið er

Látið barnið lesa æfingaorð á spássíu áður en glímt er við textann. Neðst á hverri síðu eru spurningar um efni sögunnar þar sem reynir á skilning og ályktunarhæfni. Ræðið við barnið um efnið eftir hverja síðu og fáið það til að velta því fyrir sér hvað muni gerast næst.

Eftir lestur textans

Fáið barnið til að segja frá söguþræðinum og draga fram aðalatriði. Ræðið við barnið um upplifun þess á sögunni, t.d. hvað var skemmtilegt, fyndið eða mest spennandi. Rifja má upp nýju orðin í textanum og skoða einnig orð sem ríma, löng orð, skrytín orð eða orð sem merkja það sama.

Risaeðla á róló

ISBN 978-9979-0-2684-6

© Kristín Þórunn Kristinsdóttir

© teikningar Guðmundur Ágúst Ágústsson

Ritstjóri: Elín Lilja Jónasdóttir

Yfirllestur og fagleg ráðgjöf: Guðbjörg Rut Þórisdóttir

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2021

Menntamálastofnun

Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Avenir Roman 16/18 pkt.


Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. 

Kristín Þórunn Kristinsdóttir

Risaeðla á róló

Guðmundur Ágúst Ágústsson teiknaði myndir




sand-kassi
sandkassi



risa-eðla
risaeðla



renni-braut
rennibraut



vega-salt
vegasalt

al-einn
aleinn

ískur
ískur

sand-kassa
sandkassa

1

Það er sumar og sól.

Daði er einn á róló.

Daði er að róla sér.

Hann er aleinn.

Vinir Daða eru ekki hér.

Vinir Daða eru heima.

Nú heyrir Daði ískur.

Í í í í í ...

Þetta ískur kemur úr sandkassa.

2

Hvernig ætli Daða líði?
Af hverju ískrar í sandkassanum?



Íííí



ri sa - stór
risastór

ge is par
geispar

st ein - his sa
steinhissa

Upp úr sandkassa

kemur stór haus.

Stór haus með stór augu.

Stór haus með stórar tennur.

Þetta er risastór R I S A E Ð L A !

– O o o ... ég er búin að sofa
svo lengi, segir risaeðlan
og geispar hátt.


Daði er hissa.

Daði er alveg steinhissa!

Risaeðlan horfir á Daða og spyr:

– Viltu leika?

Af hverju varð Daði hissa?
Hvernig lítur risaeðlan út?



knúsar
knúsar

renni-braut
rennibraut

hoppa
hoppa

Daði fer smá hjá sér.

Hann hefur ekki hitt risaeðlu áður.

Hann er dálítið feiminn.

– Já, ég skal leika við þig,
segir Daði. Hvað heitir þú?

– Ég heiti Dídí, segir risaeðlan
og knúsar Daða.

Dídí knúsar Daða fast og segir:

– Komdu, nú vil ég fara
í rennibraut.

Risaeðlan er kát.

Hún hoppa af kæti.

Hvað þýðir að fara hjá sér?

Hvað vill Dídí risaeðla gera næst?

dettur
dettur

hristist
hristist

hlær
hlær

2

Það er gaman í rennibraut.

– Vííí hííí, æpir risaeðlan.

Hún dettur á rassinn.

Halinn hristist.

Dídí hlær og hlær.

Daði hlær og hlær.

Það er gaman hjá þeim vinum.

Næst vill risaeðlan róla.



ö n g u m s t e n d u r
öngum stendur

Dídí og Daði róla saman.

Dídí vill fara hátt.

– Rólum hátt. Hátt upp í geim!

Daða stendur ekki á sama.

Hann fer úr rólunni.

En risaeðlan Dídí er ekki hætt.

Hún fer hærra og hærra.

Nú hoppar Dídí úr rólunni.

Hún fer hátt upp í loft.

Hún baðar út öllum öngum.

– Hvar endar þetta? hugsar Daði.





fuglar
fuglar

horfir
horfir

hrapar
hrapar

blikuna
blikuna

Risaeðlan fer hátt upp.

Hátt upp í ský.

Fuglar horfa hissa á Dídí.

Daði horfir upp

og vonar það besta.

Dídí hlær og hlær.

– Vííí, vú-hú! gólar Dídí.

Risaeðlan hrapar niður.

Hún kemur hratt niður.

Daða líst ekki á blikuna.

Af hverju líst Daða ekki á blikuna?
Hvað heldur þú að gerist næst?

h leypur
hleypur

skæl-brosir
skælbrosir

3

Risaeðlan lendir ofan í sandkassa.
Sandur fer út um allt.

Daði hleypur að sandkassanum.
Hann hlær.

Í sandkassanum sést bara í haus.
Það er hausinn á Dídí.
Dídí brosir.
Skælbrosir.



stekkur
stekkur

hristist
hristist

vega-salt
vegasalt



Risaeðlan er grafin í sand.

Hún stekkur upp og hristir sig.

Risastór halinn hristist.

Sandur fer í allar áttir.

– Jæja, nú á ég bara eftir að fara
á vegasalt, segir Dídí.

– Ó, nei! hugsar Daði.

Ekki vegasalt.

Ekki meira hopp og hí.

– Nú skulum við fá okkur nesti!

Daði er með nesti í poka.

Hann er með kex og safa.

grasinu
grasinu

prumpar
prumpar

fyndin
fyndin

Risaeðlan og Daði fá sér nesti.

Dídí raðar í sig kexi.

Hún fær sér sopa af safa.

Dídí liggur í grasinu og ropar.

Hún prumpar hátt.

– Oj, Dídí, ekki prumpa,
segir Daði og tekur um nefið.

Risaeðlan er södd.

Södd og sæl.

Daða finnst Dídí fyndin.

Af hverju finnst Daða Dídí vera fyndin?
Finnst þér hún fyndin?



b ú ě a - l e i k
búďaleik



– Förum í búðaleik, segir Daði.

Kofinn er búðin.

– Já, gerum það, segir Dídí.

Ég fer inn í kofann.

Dídí reynir að koma sér

inn í kofann.

En hún er of stór.

Nú sér Daði bara rass og hala.

– Ég skal vera í búðinni,

segir Daði.

Hann fer inn í kofann.

Það er gaman í búðaleik.

Dídí kaupir köku og ís af Daða.

Hvers vegna komst risaeðlan ekki inn í kofann?
Hvað var Daði að selja í búðinni?

h o p p a r
h o p p a r

f a n g i ð
f a n g i ð

4

Dídí æpir upp:

– MÚS, MÚS! Ég sé mús!

Risaeðlan hoppar upp.

Hún hoppar beint í fangið á Daða.

Daði heldur utan um Dídí.

– Dídí þó, segir Daði.

Mýs eru góðar.

Þær gera ekki neitt.

– Ertu viss? spyr Dídí.

– Já, alveg viss, segir Daði.



Risaeðlan læðist í sandkassann.

– Nú vil ég fara að sofa,
segir Dídí.

– Viltu leika á morgun? spyr Daði.

– Já, segir Dídí. Það vil ég.

– Jibbí, segir Daði.

Takk fyrir daginn!

En Dídí svarar ekki.

Risaeðlan er sofandi.

Steinsofandi.






Risaeðla á róló

Daði er einn á róló og leiðist.
Hann hefur engan til að leika við.

En það breytist allt í einu þegar
risaeðlan Dídí stingur hausnum
upp úr sandkassa. Dídí er myndin
og tekur upp á ótrúlegum hlutum.

Dagurinn þegar Daði hittir risaeðlu
á róló verður ógleymanlegur!

Höfundur er Kristín Þórunn Kristinsdóttir
Myndir teiknaði Guðmundur Ágúst Ágústsson



MENNTAMÁLASTOFNUN

40659